



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 31. mars 2015

Samkomulag um sátt vegna brota FAST-1. slhf. á 122., 128., sbr. 129., og 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 16. febrúar 2015 gerðu Fjármálaeftirlitið og FAST-1 slhf. með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brota félagsins á 122., 128., sbr. 129., og 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

FAST-1 slhf. (málsaðili) viðurkennir að hafa brotið gegn 122., 128., sbr. 129., og 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að birta innherjaupplýsingar of seint opinberlega og á heimasíðu sinni, vanrækja skyldur sínar í tengslum við skil á innherjalistum og tilkynningarskyldu um réttarstöðu innherja, auk þess að vanrækja að hafa fullnægjandi eftirlit með reglum nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 11.200.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

a) Upplýsingaskylda skv. 122. gr. vvl.

Hinn 6. nóvember 2013 voru forsvarsmenn málsaðila upplýstir um að láðst hefði að þinglýsa tryggingabréfum og aðilaskiptum að áhvílandi skuldabréfum samkvæmt skilmálum útgáfulýsingar vegna útgáfu skuldabréfaflokks með auðkenni FAST-1 12 1. Málsaðili birti þó ekki tilkynningu um framangreint fyrr en að morgni 8. nóvember 2013. Þar sem birta á innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er bar málsaðila að birta framangreindar upplýsingar hinn 6. nóvember 2013 og senda þær til miðlægrar varðveislu en tæpir tveir sólarhringar liðu frá því að mistökin komu í ljós þar til tilkynning var birt opinberlega og send til miðlægrar varðveislu, sbr. 1. og 3. mgr. 122. gr. vvl.

Þá bar málsaðila að birta framangreindar innherjaupplýsingar á heimasíðu sinni, sbr. 1. mgr. 122. gr. vvl., en engar innherjaupplýsingar voru birtar á heimasíðu málsaðila fyrr en



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið óskaði skýringa hinn 20. nóvember 2013. Með þessum drætti brást málsaðili skyldum sínum um að birta innherjaupplýsingar á heimasíðu sinni, sbr. 1. mgr. 122. gr. vvl.

b) Innherjaskrá og tilkynning um réttarstöðu innherja skv. 128. og 129. gr. vvl.

Skuldabréf FAST-1 slhf., með auðkennið FAST-1 12 1, voru tekin til viðskipta hinn 28. desember 2012. Í tengslum við staðfestingu lýsingar málsaðila fékk Fjármálaeftirlitið afhenta lista yfir fruminnherja félagsins sem og tímabundna innherja með tölvupósti hinn 24. október 2012. Fjármálaeftirlitið fer hins vegar fram á að listarnir séu sendir með rafrænum hætti í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 128. gr. vvl. og 18. gr. reglna nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, við gildistöku XIII. kafla laganna. Þrátt fyrir að hafa skilað inn lista yfir fruminnherja hinn 24. október 2012 þá skilaði málsaðili ekki inn listum yfir fruminnherja og fjárhagslega tengda aðila í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 128. gr. vvl. fyrr en 5. desember 2013 (lista yfir fruminnherja) og 15. janúar 2014 (lista yfir fjárhagslega tengda aðila).

Þá voru tveir starfsmenn fyrirtækjaráðgjafar, nokkrir starfsmenn lögfræðideildar, starfsmenn hjá áhættueftirliti Íslandsbanka hf., auk starfsmanna hjá VÍB upplýstir um að láðst hefði að þinglýsa tryggingabréfum og aðilaskiptum að áhvílandi skuldabréfum samkvæmt skilmálum útgáfulýsingar vegna útgáfu skuldabréfaflokks með auðkenni FAST-1 12 1 en málsaðili sendi Fjármálaeftirlitinu ekki lista yfir tímabundna innherja né tilkynnti hann viðkomandi innherjum um það skriflega. Málsaðili vanrækti því að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir tímabundna innherja í tengslum við framangreinda annmarka við þinglýsingu tryggingabréfanna og tilkynna tímabundnu innherjunum um það skriflega auk þess að upplýsa þá um þær reglur sem gilda, sbr. 1. mgr. 128., sbr. 129. gr. vvl.

c) Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga skv. 130. gr. vvl.

Forsvarsmenn málsaðila voru upplýstir um að láðst hefði að þinglýsa tryggingabréfum og aðilaskiptum að áhvílandi skuldabréfum samkvæmt skilmálum útgáfulýsingar vegna útgáfu skuldabréfaflokks með auðkenni FAST-1 12 1 eftir lokun markaðar hinn 6. nóvember 2013 en regluverði málsaðila var ekki tilkynnt um framangreint fyrr en um eftirmiðdag 7. nóvember 2013. Þá vanrækti regluverður að hafa rökstuðning og skýringar við samskiptin í samskiptaskrá á tímabilinu 6. nóvember – 9. desember 2013 en regluverði nægir ekki að skrá að samskipti hafi átt sér stað heldur verður efni þeirra að koma fram. Málsaðili vanrækti því að hafa fullnægjandi eftirlit með því að reglum nr. 1050/2012 væri fylgt, sbr. 1. mgr. 130. gr. vvl.

Lagagrundvöllur

a) Upplýsingaskylda skv. 122. gr. vvl.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Í 1. mgr. 122. gr. vvl. er kveðið á um að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Er skylda þessi einnig áréttuð í 5. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Þar kemur fram að útgefanda beri að fullnægja upplýsingaskyldu sinni, án tafar, þegar kringumstæður skapast eða atburður á sér stað, jafnvel þó að mál séu ekki formlega til lykta leidd.

Í 120. gr. vvl. er að finna skilgreiningu á innherjaupplýsingum en samkvæmt greininni eru það nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru.

Ítarlegri skilgreiningu á innherjaupplýsingum er að finna í 2. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Þar kemur m.a. fram að líta skuli svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Upplýsingarnar verða þó að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast. Innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrðu þær gerðar opinberar, eru þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

Þá kemur fram að útgefandi skuli birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni í að lágmarki eitt ár en þessum málslið var bætt við fyrstu málsgrein 122. gr. vvl. hinn 27. mars 2013.

Að lokum kemur fram í 3. mgr. 122. gr. vvl. að samhliða opinberri birtingu skuli útgefandi senda upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins og þær varðveittar í miðlægu geymslakerfi.

b) Innherjaskrá og tilkynning um réttarstöðu innherja skv. 128. og 129. gr. vvl.

Í 1. mgr. 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda til að senda Fjármálaeftirlitinu ákveðnar upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um að allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar til Fjármálaeftirlitsins þegar í stað. Í IV. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er að finna frekari tilmæli um innherjalista. Þar segir að útgefanda beri að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samkvæmt 18. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 skal senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir innherja þegar í stað þegar óskað hefur verið eftir að fjármálagerningur útgefanda verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Lista yfir aðila fjárhagslega tengda innherjum skal skila samhliða listum yfir fruminnherja og tímabundna innherja. Innherjalistum og listum yfir fjárhagslega tengda aðila ber að skila með rafrænum hætti í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins. Verði engar breytingar á listum ber engu að síður að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða innherjalista eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, sbr. 2. mgr. 128. gr. vvl.

Samkvæmt 3. mgr. 128. gr. vvl. skal útgefandi einnig senda upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. 128. gr. vvl. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að þeir verði teknir til viðskipta.

Samkvæmt 1. mgr. 129. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna viðkomandi innherja skriflega að hann hafi tilgreint viðkomandi til Fjármálaeftirlitsins. Þá ber útgefanda samkvæmt 2. mgr. 129. gr. vvl. að greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

c) Eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga skv. 130. gr. vvl.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. vvl. ber stjórn útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 132. gr. vvl., um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt, þ.e.a.s. reglum nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja skal regluvörður hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að hann geti sinnt starfi sínu. Það er regluvarðar að leggja mat á hvaða upplýsingar og gögn það eru hverju sinni. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglnanna skal regluverði greint tímanlega frá upplýsingum sem hann kann að þurfa starfs síns vegna. Samkvæmt 10. gr. sömu reglna ber starfsmönnum, framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum að gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga. Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja skal regluvörður skrá samskipti sem fram fara á grundvelli reglnanna í sérstaka samskiptaskrá. Samskiptin skulu skráð í tímaröð og gera skal grein fyrir ástæðum breytinga. Í leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, kemur fram í lið 4.7 að regluvörður ber ábyrgð á að halda utan um samskiptaskrá sem og samskipti regluvarðar við aðra aðila á grundvelli reglnanna. Þá er



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

regluverði ráðlagt að skrá frekar meira en minna og rökstyðja tiltekin atriði meira en minna. Þá getur regluvörður látið gögn fylgja samskiptaskrá.

Brot gegn 122., 128., 129. og 130. gr. vvl. geta varðað stjórnvaldssektum samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 36., 42., 43. og 44. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. Samkvæmt 3. mgr. 141. gr. vvl. geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50.000 kr. til 50.000.000 kr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122., 128., 129. og 130. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sáttarfjárhæðar

Fjárhæð sektar er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að afsláttur sé veittur af þeirri heildarfjárhæð sem ætla má að stjórnvaldssekt gæti numið að teknu tilliti til þyngingar- og mildunarsjónarmiða en við mat á afslætti skal litið til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar sátt er náð.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í þessu máli hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda skv. 122. gr. vvl. og skylda til að senda lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda skv. 128. gr. vvl. eru tvær af grundvallarstöðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til tímalengdar brots, samstarfsvilja við vinnslu málsins og áhrifa og umsvifa á markaði. Jafnframt er litið til þess er ekki vitað til þess að tjón hafi orðið vegna brotanna auk þess sem brot á 128. og 1. mgr. 129. gr. vvl. má leiða af sama atburði.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotanna og atvikum máls að öðru leyti er sektarfjárhæðin talin hæfilega ákveðin 11.200.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sáttarfjárhæðar er málinu lokið.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sáttarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellað það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 45. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl.